



# Vesturland

## Kortlagning smávirkjanakosta

Unnið fyrir Orkustofnun

Skýrsla nr. 20.01

Mars 2020

Verkfræðistofan Vatnaskil, höfuðstöðvar

Síðumúli 28  
108 Reykjavík

s. 568-1766  
vatnaskil@vatnaskil.is  
www.vatnaskil.is

Verkfræðistofan Vatnaskil, starfsstöð

Strandgata 31  
600 Akureyri

s. 517-1766  
akureyri@vatnaskil.is  
www.vatnaskil.is

---

<b>Skýrsla nr:</b> 20.01	<b>Útgefið:</b> Mars 2020	<b>Fjöldi síðna:</b> 49	<b>Dreifing:</b> Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
<b>Heiti skýrslu:</b> Vesturland. Kortlagning smávirkjanakosta			
<b>Höfundar:</b> Hjalte Sigurjónsson, Ágúst Guðmundsson og Sveinn Óli Pálmarrsson.			
<b>Verkefnisstjóri:</b> Ágúst Guðmundsson			
<p><b>Útdráttur:</b></p> <p>Vatnaskil hafa kortlagt vænlega smávirkjanakosti í sveitarfélögum á Vesturlandi að Snæfellsbæ undanskildum. Lagt er upp með að finna vænlega virkjunarkosti undir 10 MWe en stærri en 100 kWe og veita frummat á þeim. Í grunninn er meðalrennsli í vatnsföllum ákvarðað út frá hæðarlíkani, meðalúrkomukorti og meðaluppgufunarkorti. Náttúruleg orkugeta er svo ákvörðuð í farvegum vatnsfalla sem margfeldi hæðar og rennlis. Greindir eru í kjölfarið vænlegustu inntakspunktar fyrir virkjun í hverju vatnsfalli, sem staðbundin hámark í náttúrulegri orkugetu. Hagstætt þvermál fallpípu er ákvarðað og fundinn hagstæðasti endapunktur í farveginum neðanstreymis. Þar sem skilyrði um afl og ásættanleg falltöp eru uppfyllt er kosturinn metinn verðugur nánari athugunar. Kennistærðir þeirra kosta eru settar fram í töflu, vatnasvið eru dregin og sýnd á myndum fyrir hvert sveitarfélag.</p> <p>Til að meta miðlunarmöguleika við inntak er reiknað lónrými og hæð stíflu þ.a. miðla megi meðalrennsli vatnsfalls innan 24 klst.</p> <p>Á Vesturlandi hafa nú verið kortlagðir 246 smávirkjanakostir, með heildarafli 215 MWe.</p>			
<b>Verkkaupi:</b> Orkustofnun		<b>Tengiliður verkkaupa:</b> Jóhann F. Kristjánsson	
<b>Lykilorð:</b> Vesturland, vatnsafl, smávirkjanir, kortlagning			

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	4
Myndaskrá .....	5
Töfluskrá .....	6
1. Inngangur .....	7
2. Forsendur .....	8
2.1. Kortlagning smávirkjanakosta .....	9
2.2. Miðlunarmöguleikar við inntak.....	9
2.3. Mat á hönnunarrennsli og grunnóvissu .....	9
3. Niðurstöður .....	10
3.1. Borgarbyggð .....	11
3.2. Dalabyggð.....	25
3.3. Eyja- og Miklaholtshreppur .....	32
3.4. Grundarfjarðarbær.....	34
3.5. Helgafellssveit .....	35
3.6. Hvalfjarðarsveit .....	37
3.7. Skorradalshreppur .....	39
Heimildaskrá .....	41
Viðauki – Töflur .....	42

## Myndaskrá

Mynd 1. Sveitarfélög á Vesturlandi skv. skilgreiningu Sambands íslenskra sveitarfélaga að undanskildum Snæfellsbæ þar sem smávirkjanakostir hafa þegar verið kannaðir.....	8
Mynd 2. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Hnappadalur. ....	12
Mynd 3. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Mýrar. ....	13
Mynd 4. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Norðurárdalur.....	14
Mynd 5. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Norðurárdalur, Þverárhlið og Hálsasveit. ....	15
Mynd 6. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, norðan Eiríksjökuls.....	16
Mynd 7. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Norðlingafljót.....	17
Mynd 8. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, norðan Langjökuls.....	18
Mynd 9. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Eiríksjökull og Langjökull.....	19
Mynd 10. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Ok.....	20
Mynd 11. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Skorradalur og Brekkufjall. ....	21
Mynd 12. Smávirkjanakostir í Dalabyggð, Skógarströnd og Teigsfjall. ....	25
Mynd 13. Smávirkjanakostir í Dalabyggð, Dalir. ....	26
Mynd 14. Smávirkjanakostir í Dalabyggð, Hvammssveit, Fellsströnd og Skarðsströnd. ....	27
Mynd 15. Smávirkjanakostir í Dalabyggð, Gilsfjörður.....	28
Mynd 16. Smávirkjanakostir í Eyja- og Miklaholtshreppi. ....	33
Mynd 17. Smávirkjanakostir í Grundarfjarðarbæ. ....	34
Mynd 18. Smávirkjanakostir í Helgafellssveit. ....	36
Mynd 19. Smávirkjanakostir í Hvalfjarðarsveit. ....	38
Mynd 20. Smávirkjanakostir í Skorradalshreppi. ....	40

## Töfluskrá

Tafla 1. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	22
Tafla 2. Smávirkjanakostir í Dalabyggð, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	29
Tafla 3. Smávirkjanakostir í Eyja- og Miklaholtshreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	32
Tafla 4. Smávirkjanakostir í Grundarfjarðarbæ, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	34
Tafla 5. Smávirkjanakostir í Helgafellssveit, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	35
Tafla 6. Smávirkjanakostir í Hvalfjarðarsveit, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	37
Tafla 7. Smávirkjanakostir í Hvalfjarðarsveit, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	39
Tafla 8. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.....	43
Tafla 9. Smávirkjanakostir í Dalabyggð, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar. ....	45
Tafla 10. Smávirkjanakostir í Eyja- og Miklaholtshreppi, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar. ....	47
Tafla 11. Smávirkjanakostir í Grundarfjarðarbæ, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.....	48
Tafla 12. Smávirkjanakostir í Helgafellssveit, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.....	48
Tafla 13. Smávirkjanakostir í Hvalfjarðarsveit, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.....	49
Tafla 14. Smávirkjanakostir í Skorradalshreppi, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.....	49


## 1. Inngangur

Orkustofnun hefur samið við Vatnaskil um kortlagningu vænlegra smávirkjanakosta. Finna skal álitlega staði fyrir smávirkjanakosti með afl á bilinu 100 kW -10 MW, meta möguleika á dægurmiðlun við inntak og meta gróflega óvissu í afli þeirra virkjunarkosta sem finnast. Kortlagningin skal taka til þriggja landshluta, Vesturlands, Vestfjarða og Austurlands. Skipting í landshluta er eins og sýnt er á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga ([www.samband.is](http://www.samband.is)).

Áður hefur Orkustofnun látið kanna ýmsa smávirkjanakosti víðsvegar um landið, meðal annars með útreikningum á langæi rennslis fyrir valda kosti í Eyjafirði, Snæfellsnesi og Vestfjörðum þar sem Vatnaskil beittu vatnafarslíkani við ákvörðun á langæi rennslis fyrir kosti sem þegar höfðu verið teknir til frumathugunar af hagsmunaaðilum á viðkomandi svæðum.

Við kortlagninguna nú er hins vegar ekki horft til fyrirliggjandi hugmynda um virkjanakosti heldur nýtt landfræðileg og veðurfræðileg gögn og reikniaðferðum beitt á þau til að ákvarðamögulega orkugetu vatnsfalla fyrir heilu landsvæðin. Með þessu móti koma fram fjölmargir hugsanlegir virkjunarkostir sem vert væri að taka til nánari skoðunar, og yfirlit fæst yfir mögulega orkugetu landshlutans í heild ásamt því að dregnar eru fram staðsetningar sem vert væri að taka til frekari skoðunar gagnavart virkjun vatnsafls.

Í fyrsta áfanga verkefnisins er Vesturland tekið til skoðunar og verður hér í framhaldi greint frá meginforsendum kortlagningarinnar ásamt niðurstöðum. Smávirkjanakostir í Snæfellsbæ eru ekki teknir til skoðunar þar sem þeir hafa þegar verið metnir. Yfirlit yfir sveitarfélögin á Vesturlandi sem tekin eru til kortlagningar er sýnt á mynd 1.



**Mynd 1.** Sveitarfélög á Vesturlandi skv. skilgreiningu Sambands íslenskra sveitarfélaga að undanskildum Snæfellsbæ þar sem smávirkjanakostir hafa þegar verið kannaðir.

## 2. Forsendur

Kortlagning smávirkjanakosta sem hér er gerð grein fyrir er í meginatriðum tvíþætt. Fyrri skrefið felur í sér að nota úrkomu- og uppgufunarkort ásamt landhæðarlíkani í hárrí upplausn til að finna hugsanlega inntakspunkta fyrir virkjanir. Síðara skrefið snýr að því að kanna rennislíðið niður eftir farvegum frá mögulegum inntakspunktum og meta hvort aðstæður þar séu einnig ákjósanlegar fyrir virkjun, þ.e. hvort fall er nægilega mikið innan hóflegar vegalengdar frá inntakspunkti. Ákjósanlegir staðir eru í framhaldi metnir fýsilegir og teknir til nánari skoðunar. Nánar er fjallað um aðferðafræðina í kafla 2.1.

Ákjósanlegir staðir eru einnig metnir m.t.t. miðlunarmöguleika við inntak sem nánar er fjallað um í kafla 2.2. Greint er frá mati á hönnunarrennsli og grunnóvissu í reikningum í kafla 2.3.

Kortlagningin byggir í grunninn á hæðarlíkani Loftmynda ehf. TK-50 af Íslandi sem hefur 20x20 m lárétta upplausn og lóðrétta 1 m upplausn til að ákvarða vatnasvið og rennislíðið vatns. Tvö meðalúrkomukort af ólíkum uppruna eru notuð við mat á meðalafrennsli, annars vegar meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands (Philippe Crochet, 2007) og hins vegar meðalúrkomukort samkvæmt RÁV2 reikningum Reiknistofu í Veðurfræði (Ólafsson H., B. Aubron, and Rögnvaldsson Ó.,



2020). Meðaluppgufun er einnig samkvæmt RÁV2 reikningunum. Aðrar landupplýsingar sem notaðar eru við kortlagninguna eru hinir ýmsu grunnar TK-50 gagnasafns Loftmynda ehf.

## 2.1. Kortlagning smávirðjanakosta

Fyrri þáttur kortlagningarinnar felst í nýtingu hæðarlíkans til ákvörðunar á halla lands og rennslis-  
stefnum. Saman ákvarðar þetta bæði vatnaskil og hvernig það vatn sem fellur til á yfirborði safnast  
saman í farvegi. Þegar rennslisstefnur hafa verið ákvarðaðar er meðalrennsli í farvegum ákvaðað út  
frá úrkomukortum. Möguleg orka (e. potential) í farvegum er svo ákvörðuð út frá meðalrennsli og  
mögulegri fallhæð. Þegar möguleg orka í farvegum liggur fyrir er hafist handa við síðari hluti  
kortlagningarinnar sem felst í því að finna mögulega smávirðjanakosti innan hvers vatnasviðs og meta  
þá m.t.t. orkugetu og falltapa. Hugsanleg inntök virkjana eru staðsett þar sem háþörk mögulegrar  
orku eru metin í farvegum. Við hvert inntak er rennslið í farveginum dregið fram og hagstæðasta  
þvermál pípu fundið. Þegar hagstæðasta þvermál pípu hefur verið ákvarðað eru falltöp og orka  
ákvörðuð í pípu sem liggur niður eftir farveginum. Endapunktur pípu er staðsettur þar sem viðbótarafi  
sem fengist með meira falli stæði ekki undir viðbótartöpum í pípu. Sett er viðmið um að falltöp í  
smávirðjanakostum séu nærri 10% af heildarfallhæðinni sem er algengt viðmið í virðjanakostum  
(Mannvit, 2010). Ekki er tekið tillit til smærri tapa t.a.m. í inntaksmannvirðjum eða þar sem beygjur  
eru á lögnum heldur einungis ákvörðuð falltöp út frá hrýfi. Ennfremur er ekki reiknað með því að nýtni  
hverfils sé takmörkuð. Að lokum eru dregnir út kostir sem eru yfir 100 kWe en undir 10 MWe. Þar sem  
fleiri en einn kostur kemur fram með sama endapunkt í árfarvegi er einungis sá stærsti dreginn fram.

## 2.2. Miðlunarmöguleikar við inntak

Leitast er við að meta möguleika á miðlun með lóni við inntak virkjana. Fundin var sú stífluhæð sem  
sem skilar lónrými sem svarar til sólarhringsmeðalrennslis vatnsfallsins þannig að dægurmiðlun sé  
möguleg. Stífluhæðir reiknast þannig frá einum upp í 25 metra. Greining á miðlunarmöguleikum byggir  
á sama landhæðarlíkani og notað er í öðrum þáttum verksins. Gert er ráð fyrir að stífla liggja eftir  
vatnaskilum um inntakspunkt hvers virðjanarkosts.

## 2.3. Mat á hönnunarrennsli og grunnóvissu

Við úrlausn verkefnisins var ákveðið að beita tveimur úrkomukortum, meðalúrkomukorti Veður-  
stofunnar og RÁV2 meðalúrkomukorti Reiknistofu í Veðurfræði. Víða er úrkoma meiri í úrkomukorti  
Veðurstofunnar og þá sér í lagi til fjalla og jafnframt hefur það víðast reynst réttara við slíkar aðstæður.  
Það er þó alls ekki einhlítt. Ákveðið var því að nýta kort Veðurstofunnar til grunnútreikninga á  
smávirðjanakostum en til samanburðar og sem ákveðið mat á óvissu að reikna fyrir sömu kosti  
orkugetu miðað við RÁV2 úrkomukortið. Rennsli skv. RÁV2 er gefið í niðurstöðutöflum fyrir hvert  
sveitarfélag í töflu 1, í dálki sem merktur er RÁV2.

Í þessum reikningum er gert ráð fyrir að allt afrennsli skili sér undan landhalla rakleiðis til farvega. Þetta  
er einföldun sem getur valdið stórum skekkjum þar sem yfirborð er mjög lekt, sem sérstaklega gerist  
þar sem hraun eru á yfirborði og stór hluti þess vatns sem fellur til fer því til grunnvatnskerfis. Þar  
getur vatn borist langar leiðir og komið fram í lindum mun neðar og jafnvel í öðru vatnsfalli. Því er sá  
möguleiki fyrir hendi á svæðum þar mikið vatn fer til grunnvatnskerfis að stórar skekkjur komi fram,  
annað hvort á þann veg að rennsli sé hér ofmetið þar sem vatn tapast í raun af yfirborðsvatnasviði til  
grunnvatnskerfis, eða sé vanmetið þar sem lindavatn af stórum svæðum kæmi fram. Almennt má segja  
að jarðmyndanir á Vesturlandi séu tillitlulega þéttar ef rýnt er í jarðfræðikort af svæðinu. Hinsvegar

má þó finna svæði á Snæfellsnesi, Mýrum og í nágrenni Langjökuls með nýrri og lekari hraunmyndunum sem líkleg eru til þess að hafa áhrif á vatnafar viðkomandi svæða og stuðla að aukinni miðlun innan þeirra.

Til þess að fá mat á hvert er líklegt hlutfall hönnunarrennslis af meðalrennslis var gerður samanburður við útreikninga úr öðrum vatnafarslíkönum Vatnaskila fyrir nokkra smávirkjanakosti. Hönnunarrennslis til virkjana er háð aðstæðum og forsendum hverju sinni, horft var til þeirra viðmiða sem beitt var í skoðun Mannvits á smávirkjunarkostum í Dalvíkurbyggð (Mannvit, 2015) þar sem algengt var að hönnunarrennslis samsvaraði í kringum 70% rennslis fengnu af langæi rennslis fyrir viðkomandi smávirkjunarkost. Samanburðurinn á þeim kostum sem teknir voru til skoðunar sýndi að 70% rennslis af langæi var á bilinu 16% til 70% af meðalrennslinu. Þessi breytileiki kemur til vegna þess að vatnasvið geta verið æði misjöfn, sum hafa litla sem enga miðlun sem gerir það að verkum að langæi rennslis verður bratt sem leiðir svo aftur til þess að hlutfall 70% rennslis af meðalrennslis verður lágt, 16% eða jafnvel lægra. Þar sem miðlunin er meiri t.a.m. vegna mikils lindarennslis verður hlutfall 70% rennslisins af meðalrennslinu hærra og nálgast að vera það sama og meðalrennslis þar sem miðlunin er mjög mikil. Til að fá mat á hönnunarrennslis var ákveðið að skilgreina það sem 30% af meðalrennslinu sem er nálægt meðaltalinu sem fékkst við samanburð úr öðrum vatnafarslíkönum þar sem lindapáttur rennslis er ekki stór. Því má horfa á hönnunarrennslisviðmiðin eða lágrennslisviðmiðin þannig að þar sem að lítil miðlun er innan vatnasviða er líklegt að rennslis sé sambærilegt hönnunarrennslinu eða minna. Þar sem miðlun er meiri innan vatnasviða nálgast hönnunarrennslis meðalrennslis ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti.

### 3. Niðurstöður

Kortlagðir hafa verið 246 virkjanakostir í sveitarfélögum á Vesturlandi, að undanskildum Snæfellsbæ, með heildarafl 215 MWe. Hafa ber í huga að tölum um orkugetu þarf að taka með fyrirvara, um algjöra frumathugun er að ræða sem hefur það að leiðarljósi að draga fram sem flesta kosti sem vert væri að kanna nánar.

Kortlagningin byggist á þeirri aðferð sem fjallað hefur verið um í 2. kafla, þar sem eingöngu er stuðst við hæðarlíkan og veðurfræðileg gögn ásamt einföldum forsendum um þvermál fallpípu og falltöpu en ekki er rýnt sérstaklega í staðhætti eða beinar rennslismælingar nýttar til samanburðar. Því er ljóst að mat á orkugetu getur í einhverjum tilvikum verið ónákvæmt. Einnig er möguleiki á að einhverjir áhugaverðir kostir komi ekki fram. Að lokum er mögulegt að vatnaskil geti verið rangt ákvörðuð vegna ónákvæmni í hæðarlíkani og villur hljótist af því en mest hættu er á að þetta gerist þar sem land er flatt. Ljóst er þó að aðferðafræðin er um margt öflug sem sýnir sig í því að nokkrar af núverandi vatnsaflsvirkjunum á Vesturlandi koma fram í reikningunum þ.m.t. Andakílsárvirkjun og Múlavirkjun.

Andakílsárvirkjun kemur fram í greiningu með mögulega orkugetu um 5,5 MWe, meðalrennslis uppá 10 m<sup>3</sup>/s og fallhæð 55 m. Uppsett afl virkjunarinnar í dag er 8,0 MWe, meðalrennslis er 10,9 m<sup>3</sup>/s og því reiknað meðalrennslis nærri lagi. Ársorkuframleiðsla virkjunarinnar er um 32 GWh á ári sem gefur um 3,7 MWe að meðaltali. Í rekstri virkjunarinnar er tekið verulegt tillit til vatnshæðar í Skorradalvatni og rennslis í Andakílsá vegna náttúrusvæðis og lífríkis sem hefur áhrif á orkuframleiðslu. Tölur um rekstur virkjunarinnar koma af nokkrum vefsíðum, ekki reyndist unnt að staðfesta þær við Orku náttúrunnar.

Múlavirkjun kemur fram í reikningunum með 1,8 MWe mögulega orkugetu, meðalrennslis nærri 2,4 m<sup>3</sup>/s og fallhæð 80 m. Til viðbótar eru svo greindir tveir minni kostir neðar í ánni allir fyrir ofan


núverandi aflstöð Múlavirkjunar. Uppsett afl Múlavirkjunar er 3,2 MWe, meðalrennsli Straumfjarðarár samkvæmt mælingum er 2,4 m<sup>3</sup>/s og virkjuð fallhæð er 82 m. Orkuframleiðsla á ári er á bilinu 14-16 GWh sem svarar til 1,6 – 1,8 MWe afli að meðaltali (Eggert Kjartansson, 2020). Þessi tvö dæmi sýna að greiningin gefur vísbendingu um mögulega orkugetu út frá meðalrennsli, hins vegar geta forsendur er varða rekstrarform virkjunarinnar eða lífríkissjónarmið haft áhrif á endanlega orkugetu og uppsett afl virkjunar.

Frekari athugun á fýsileika kosta þyrfti að byggja á rennismælingum, staðhættum m.t.t. virkjunarstæðis og miðlunarmöguleika, sem og arðsemisútreikningi viðkomandi virkjunar. Fyrir vænlega kosti væri einnig mögulegt að reikna langæi rennslis líkt og Vatnaskil hafa áður gert fyrir Orkustofnun þar sem útbúin voru langæi rennslis fyrir valda virkjanakosti í Eyjafirði, Snæfellsnesi og á Vestfjörðum (Vatnaskil, 2019).

Í næstu köflum er greint frá mögulegum virkjanakostum í hverju sveitarfélagi fyrir sig að undanskildum Akraneskaupstað og Stykkishólmsbæ þar sem ekki komu fram fýsilegir kostir í greiningunni. Í hverjum kafla er sýnt yfirlitskort af hverju sveitarfélagi þar sem kostirnir eru dregnir fram og merktir með númeri sem vísar til töflu í sama kafla. Í töflunni er greint frá vatnasviði vatnsfallsins, virkri fallhæð ásamt rennsli og orkugetu m.v. hönnunarviðmið, meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands og meðalúrkomukort RÁV2 frá Reiknistofu í Veðurfræði. Í viðauka er tafla þar sem dregnar eru fram helstu stærðir fyrir hvern virkjanakost þ.m.t. staðsetning inntaks, lengd fallpípu og möguleikar á miðlun við inntak. Gefin er upp hæð stíflu, rúmmál og flatarmál inntakslóns sem ákvarðað er þannig að fylla megi lónið á 24 klst m.v. meðalrennsli vatnsfallsins.


### 3.1. Borgarbyggð

Kortlagðir hafa verið 89 virkjanakostir í Borgarbyggð, með heildarafi 118 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Borgarbyggð er 1,3 MWe, meðalfallhæð 103 m og meðalrennsli 2,6 m<sup>3</sup>/s. Á myndum 2 til 11 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 1 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugetu virkjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 8 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.




Mynd 2. Smávirkanakostir í Borgarbyggð, Hnappadalur.






Mynd 3. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Mýrar.




Mynd 4. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, Norðurárdalur.






**Mynd 5.** Smávirðjanakostir í Borgarbyggð; Norðurárdalur, Þverárhlið og Hálsasveit.




Mynd 6. Smávirðjanakostir í Borgarbyggð, norðan Eiríksjökuls.






Mynd 7. Smávirðjanakostir í Borgarbyggð; Norðlingafliót.




Mynd 8. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, norðan Langjökuls.




Mynd 9. Smávirkjanakostir í Borgarbyggð; Eiríksjökull og Langjökull.





Mynd 10. Smávirðjanakostir í Borgarbyggð, Ok.



Mynd 11. Smávirðjanakostir í Borgarbyggð; Skorradalur og Brekkufjall.

**Tafla 1.** Smávirkjanakostir í Borgarbyggð, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.

Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m <sup>3</sup> /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
B1	Austurdalsá	101	0,31	0,09	0,21	302	95	210
B2	Norðlingafljót	17	16,89	5,07	19,35	2867	643	2310
B3	Norðlingafljót	41	3,03	0,91	3,32	1230	370	1152
B4	Norðurá	33	10,37	3,11	7,97	3387	993	2360
B5	Grímsá	82	6,38	1,91	5,91	5148	1649	4570
B6	Fossá	109	0,67	0,20	0,44	719	217	463
B7	Norðlingafljót	102	0,15	0,04	0,20	150	45	182
B8	Leirá	15	3,27	0,98	2,96	497	114	313
B9	Vesturá	185	0,32	0,10	0,20	589	181	374
B10	Hvassá	22	0,79	0,24	0,58	172	44	103
B11	Hítarvatn	255	0,11	0,03	0,07	274	88	189
B12	Suðurdalsá	21	0,55	0,16	0,36	115	29	61
B13	Fossá	73	0,47	0,14	0,31	341	104	217
B14	Bjarnadalsá	37	1,24	0,37	0,83	450	130	277
B15	Bjarnadalsá	232	0,27	0,08	0,16	607	191	369
B16	Norðlingafljót	51	1,88	0,57	2,09	948	290	918
B17	Bjarnadalsá	41	1,06	0,32	0,70	424	121	260
B18	Geitá	98	0,27	0,08	0,28	263	79	252
B19	Geitá	198	0,52	0,16	0,51	1015	311	970
B20	Norðlingafljót	247	0,65	0,19	0,69	1569	510	1623
B21	Norðlingafljót	288	0,71	0,21	0,78	2017	654	2117
B22	Hafragilsá	428	1,22	0,37	1,24	5127	1624	5128
B23	Svartá	89	1,16	0,35	1,19	1016	320	983
B24	Fossdalsá	85	0,21	0,06	0,13	175	53	105
B25	Kaldá	290	0,32	0,10	0,28	920	297	803
B26	Fjósatjörn	285	0,06	0,02	0,04	181	58	106
B27	Norðlingafljót	17	13,91	4,17	16,04	2321	565	1797
B28	Svartá	118	3,24	0,97	3,41	3764	1197	3754
B29	Melsá	37	0,94	0,28	0,52	342	99	178
B30	Reykjadalsá	259	0,92	0,28	0,74	2347	758	1915
B31	Grjótá	114	2,66	0,80	1,48	2962	909	1664
B32	Ásgil	117	1,62	0,49	1,34	1853	576	1512
B33	Hafragilsá	80	0,16	0,05	0,16	124	37	119
B34	Djúpadalsá	114	0,64	0,19	0,41	713	229	465
B35	Ásgil	80	0,30	0,09	0,24	238	73	180
B36	Langá	64	12,22	3,67	7,60	7669	2380	4755
B37	Svartá	37	0,94	0,28	0,97	342	96	304




<b>B38</b>	Lambá	189	1,05	0,32	1,01	1943	646	1844
<b>B39</b>	Haffjarðará	71	0,40	0,12	0,22	274	83	149
<b>B40</b>	Vesturá	184	0,69	0,21	0,43	1245	382	779
<b>B41</b>	Norðlingafljót	243	0,96	0,29	1,04	2282	719	2397
<b>B42</b>	Vesturá	18	1,39	0,42	0,85	243	57	113
<b>B43</b>	Litla-Þverá	26	2,96	0,89	1,91	768	215	440
<b>B44</b>	Þórarinsdalsá	31	0,45	0,13	0,25	135	38	70
<b>B45</b>	Norðlingafljót	146	0,69	0,21	0,73	988	301	1003
<b>B46</b>	Norðlingafljót	25	15,30	4,59	17,59	3728	1022	3268
<b>B47</b>	Árdalsá	129	0,37	0,11	0,22	464	144	283
<b>B48</b>	Þórarinsdalsá	83	0,30	0,09	0,17	246	77	141
<b>B49</b>	Fossdalsá	123	0,28	0,09	0,18	343	105	215
<b>B50</b>	Suðurdalsá	106	0,12	0,04	0,08	124	39	81
<b>B51</b>	Hafragilsá	428	1,44	0,43	1,46	6032	1900	6047
<b>B52</b>	Hellisá	51	1,85	0,56	1,34	923	265	620
<b>B53</b>	Hafragilsá	134	1,79	0,54	1,82	2359	733	2307
<b>B54</b>	Hellisá	45	1,80	0,54	1,30	792	226	527
<b>B55</b>	Þórarinsdalsá	92	1,85	0,56	1,12	1675	504	995
<b>B56</b>	Fossdalsá	34	1,85	0,56	1,16	614	173	350
<b>B57</b>	Norðlingafljót	22	18,90	5,67	21,28	3995	1043	3333
<b>B58</b>	Þórarinsdalsá	35	0,79	0,24	0,45	268	74	138
<b>B59</b>	Þröskuldardalsá	152	0,36	0,11	0,26	532	173	392
<b>B60</b>	Litlafljót	28	0,93	0,28	0,76	253	68	176
<b>B61</b>	Rauðsgil	230	1,48	0,44	1,26	3348	1076	2859
<b>B62</b>	Kaldá	214	1,57	0,47	1,40	3300	1046	2918
<b>B63</b>	Hvassá	66	1,95	0,58	1,47	1253	391	924
<b>B64</b>	Sanddalsá	40	1,30	0,39	0,98	507	151	356
<b>B65</b>	Haffjarðará	31	9,66	2,90	6,53	2951	842	1806
<b>B66</b>	Oddstaðavatn	68	0,33	0,10	0,23	217	66	149
<b>B67</b>	Grjótá	224	0,84	0,25	0,48	1844	590	1100
<b>B68</b>	Hvassá	26	1,40	0,42	1,03	361	98	229
<b>B69</b>	Fossá	37	1,22	0,37	0,80	446	131	275
<b>B70</b>	Vesturá	61	0,23	0,07	0,14	141	43	83
<b>B71</b>	Svartá	51	1,60	0,48	1,66	800	242	746
<b>B72</b>	Gljúfurá	60	1,09	0,33	0,64	642	199	380
<b>B73</b>	Hellisá	29	2,78	0,83	1,98	781	204	474
<b>B74</b>	Arná	17	0,60	0,18	0,44	100	23	55
<b>B75</b>	Flosagilsá	40	1,21	0,36	1,18	475	138	408
<b>B76</b>	Hítará	167	0,28	0,08	0,17	460	146	291
<b>B77</b>	Bjarnadalsá	175	0,29	0,09	0,18	497	159	323
<b>B78</b>	Ásgil	44	0,24	0,07	0,20	102	30	79
<b>B79</b>	Djúpadalsá	87	0,28	0,08	0,17	241	76	144
<b>B80</b>	Grímsá	22	14,47	4,34	14,21	3057	760	2320
<b>B81</b>	Kjarará	30	10,37	3,11	8,17	3081	819	2081

<b>B82</b>	Dýrastaðaá	66	0,66	0,20	0,46	428	128	288
<b>B83</b>	Eiríksjökull	28	13,07	3,92	14,45	3575	988	3163
<b>B84</b>	Langá	40	11,58	3,47	7,24	4518	1315	2649
<b>B85</b>	Árdalsá	143	0,09	0,03	0,06	132	41	78
<b>B86</b>	Þórarinsdalsá	90	0,65	0,19	0,37	571	168	318
<b>B87</b>	Kiða	25	0,60	0,18	0,37	149	40	80
<b>B88</b>	Kiða	76	0,75	0,22	0,47	554	172	346
<b>B89</b>	Melsá	87	0,36	0,11	0,21	305	92	174




### 3.2. Dalabyggð

Kortlagðir hafa verið 96 virkjanakostir í Dalabyggð, með heildarafli 52 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Dalabyggð er 541 kWe, meðalfallhæð 157 m og meðalrennsli 0,55 m<sup>3</sup>/s. Á myndum 12 til 15 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 2 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugetu virkjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 9 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.




Mynd 12. Smávirkjanakostir í Dalabyggð; Skógarströnd og Teigsfjall.




Mynd 13. Smávirkjanakostir í Dalabyggð; Dalir.





Mynd 14. Smávirðjanakostir í Dalabyggð, Hvammssveit, Fellsströnd og Skarðsströnd.





Mynd 15. Smávirkanakostir í Dalabyggð; Gilsfjörður.

**Tafla 2.** Smávirkjanakostir í Dalabyggð, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.

Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m <sup>3</sup> /s]			Orkugeta virkjunar [kWe]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
D1	Búðardalsá	140	2,48	0,74	1,37	3408	1122	2005
D2	Staðarhólsá	188	0,11	0,03	0,07	194	62	131
D3	Nípurá	95	0,46	0,14	0,28	428	133	259
D4	Villingadalsá	143	0,08	0,02	0,04	114	35	58
D5	Krossdalsá	256	0,18	0,05	0,09	449	146	232
D6	Flekkudalsá	151	0,64	0,19	0,33	953	291	492
D7	Búðardalsá	24	4,98	1,49	2,97	1164	305	589
D8	Þverá	136	0,64	0,19	0,36	851	271	496
D9	Fábeinsá	329	0,10	0,03	0,06	338	108	198
D10	Galtardalsá	140	0,14	0,04	0,07	187	57	97
D11	Hvammsá	262	0,49	0,15	0,27	1264	414	734
D12	Fagradalsá	213	0,34	0,10	0,19	710	224	420
D13	Staðarhólsá	60	0,65	0,19	0,38	379	118	225
D14	Haukadalsá	142	0,11	0,03	0,09	157	47	121
D15	Brunná	85	0,17	0,05	0,16	138	42	128
D16	Krossvatn	284	0,10	0,03	0,05	285	90	137
D17	Hvammsá	209	1,10	0,33	0,60	2249	701	1267
D18	Hvarfdalsá	248	0,28	0,08	0,22	678	211	535
D19	Svínadalsá	278	0,23	0,07	0,17	621	197	468
D20	Kleifaá	75	0,45	0,14	0,40	333	105	283
D21	Kleifaá	88	0,23	0,07	0,19	201	62	164
D22	Svínadalsá	152	0,16	0,05	0,12	238	76	178
D23	Villingadalsá	275	0,09	0,03	0,04	246	77	124
D24	Húsá	28	0,54	0,16	0,43	150	39	101
D25	Suðurá	18	0,71	0,21	0,47	126	31	66
D26	Glerá	31	0,82	0,25	0,61	252	70	165
D27	Krossá	307	0,40	0,12	0,19	1200	377	583
D28	Krossá	22	3,75	1,13	1,90	820	218	359
D29	Staðarhólsá	53	0,94	0,28	0,70	487	150	350
D30	Húsá	155	0,13	0,04	0,09	194	61	140
D31	Fábeinsá	408	0,23	0,07	0,12	916	298	493
D32	Fábeinsá	404	0,42	0,13	0,21	1653	517	869
D33	Búðardalsá	110	1,56	0,47	0,86	1679	524	943
D34	Hvarfsdalsá	74	0,47	0,14	0,27	343	107	197
D35	Búðardalsá	49	2,20	0,66	1,21	1068	314	565
D36	Deildá	272	0,11	0,03	0,10	302	94	271
D37	Þverá	28	1,26	0,38	1,00	346	95	237
D38	Norðurdalsá	188	0,52	0,15	0,28	951	308	541
D39	Stóra Langadalsá	100	0,96	0,29	0,58	937	295	581

D40	Skeggjagil	21	1,15	0,34	0,96	241	60	160
D41	Flekkudalsá	284	0,21	0,06	0,11	591	185	320
D42	Hólkotsá	74	1,09	0,33	0,87	787	241	610
D43	Hvammsá	89	0,15	0,04	0,08	127	39	71
D44	Galtardalsá	106	0,38	0,11	0,18	394	125	200
D45	Galtardalsá	188	0,14	0,04	0,07	257	81	131
D46	Galtardalsá	141	0,13	0,04	0,07	184	57	95
D47	Hvammsá	62	0,19	0,06	0,11	119	36	65
D48	Haukadalsá	205	0,41	0,12	0,29	816	258	592
D49	Haukadalsá	56	0,35	0,10	0,31	191	58	157
D50	Hvarfdalsá	230	0,39	0,12	0,28	877	268	620
D51	Jörfa	57	0,61	0,18	0,51	339	101	269
D52	Brunná	232	0,09	0,03	0,08	201	64	188
D53	Haukadalsá	23	3,60	1,08	2,95	816	219	553
D54	Haukadalsá	234	0,18	0,05	0,15	404	128	348
D55	Búðardalsá	78	0,17	0,05	0,10	128	40	74
D56	Stóra Langadalsá	153	0,56	0,17	0,34	838	268	529
D57	Búðardalsá	196	0,16	0,05	0,09	303	97	187
D58	Galtardalsá	263	0,17	0,05	0,09	445	138	230
D59	Villingadalsá	59	0,43	0,13	0,31	249	76	175
D60	Stóra Langadalsá	161	0,34	0,10	0,21	543	174	344
D61	Fagradalsá	295	0,12	0,04	0,07	351	108	214
D62	Kleifaá	197	0,21	0,06	0,17	410	131	334
D63	Fagradalsá	120	0,12	0,04	0,07	145	45	86
D64	Vífilsdalsá	172	0,21	0,06	0,13	352	113	229
D65	Sælingsdalsá	247	0,72	0,22	0,41	1743	559	1045
D66	Hólsá	26	0,41	0,12	0,22	106	29	50
D67	Hvarfdalsá	179	0,12	0,03	0,08	203	65	149
D68	Ballará	319	0,48	0,15	0,24	1517	474	763
